

Stefna Þjóðleikhússins

2023-2027

Framtíðarsýn

Þjóðleikhúsið er okkar allra, það hreyfir við fjölbreyttu samfélagi með leikhúsupplifun sem á erindi, stuðlar að vísýni og eflir samkennd.

Meginmarkmið

1

Þjóðleikhúsið á erindi við okkur öll

Þjóðleikhúsið á erindi við okkur öll og endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins í gegnum hlustun, samtal, miðlun og fræðslu.

2

Þjóðleikhúsið hreyfir við fólki

Þjóðleikhúsið hreyfir við fólki með sýningum sem koma á óvart, skemmta og hvetja til umhugsunar um brýn málefni.

3

Þjóðleikhúsið nærir listsköpun

Þjóðleikhúsið nærir listsköpun í traustu umhverfi þar sem ástríðufullt og hæfileikaríkt starfsfólk þorir að taka áhættu í uppbyggilegu teymisstarfi.

Stefna Þjóðleikhússins er byggð upp í kringum þrjú meginmarkmið. Hvert og eitt þeirra á að hafa áhrif á starfssemi leikhússins og stuðla að því að framtíðarsýn leikhússins verði að veruleika.

1

Þjóðleikhúsið á erindi við okkur öll

Þjóðleikhúsið á erindi við okkur öll og endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins í gegnum hlustun, samtal, miðlun og fræðslu.

Að gera **öllum kleift** að sjá sýningar hússins óháð efnahag, búsetu, uppruna, stöðu eða aldri.

Að skapa upplifun sem **sameinar** fjölbreytta þjóð, vekur upp spurningar og fær fólk til að sjá lífið í nýju ljósi.

Að fá sem flesta í leikhúsið, sækja **nýja áhorfendur** og vera sýnilegt sem flestum.

Að efla **fræðslustarf** með enn öflugri þjónustu við börn og áhugaleikhússtarf í landinu.

Að taka virkan þátt í samfélaginu, skipta máli og **hlusta** eftir nýjum og ólíkum röddum.

2

Þjóðleikhúsið hreyfir við fólki

Þjóðleikhúsið hreyfir
við fólki með sýningum
sem koma á óvart,
skemmta og hvetja
til umhugsunar um
brýn málefni.

Að vera **opin, leitandi** og **framsýn**, taka listræna áhættu og hafa þor til að ögra viðteknum viðhorfum.

Að leita hins **óvænta** og **óræða**, næra ímyndunaraflið og sköpunarkraftinn, og veita innblástur.

Að vera leiðandi afl og þekkt fyrir **listræn gæði**, með áherslu á innihald umfram umbúðir.

Að vera virk í **frumsköpun**, vinna með íslenskan menningararf og efla íslenska leikritun.

Að endurspeglar **fjölbreytileika samfélagsins** og ólíkar birtingarmyndir þess.

3

Þjóðleikhúsið nærir listsköpun

Þjóðleikhúsið nærir listsköpun í traustu umhverfi þar sem ástríðufullt og hæfileikaríkt starfsfólk þorir að taka áhættu í uppbyggilegu teymisstarfi.

Að innan leikhússins starfi hópur fólks sem hefur **ástríðu** og **þor** til að stefna á ný mið og viðhalda forvitni sinni.

Að **teymishugsun** einkenni starfið allt og að allur hópurinn sé með sameiginlegan fókus á sviðið sem hjarta leikhússins.

Að **fagmennska** og **skýr viðmið** skapi traust og þar með aukið listrænt frelsi í leikhúsi sem lærir af mistökum.

Að leikhúsið endurspegli **fjölbreytni** samfélagsins með starfsfólki með ólíkan bakgrunn og mótun.

Að taka samfélagslega ábyrgð í **umhverfismálum** og **sjálfbærni** með skýrri umgjörð.

Áherslur

1

- 1 Mynda tengsl**
Við viljum þekkja ólíka markhópa og byggja upp tengsl við okkar ötulustu gesti með auknum samskiptum og fríðindum.
- 2 Nýjir áhorfendur**
Við viljum ná til nýrra áhorfenda og yngri kynslóða, sem og fólks sem tilheyrir minnihlutahópum og kemur sjaldan í leikhús. Nýir Íslendingar er sívaxandi hópur.
- 3 Opð leikhús**
Við viljum opna leikhúsið og ná til fleira fólks í gegnum síbreytilega miðla og með viðburðum innan eða utan leikhússins.
- 4 Leiksýningar fyrir börn**
Við viljum ná reglulega til allra barna á skólagöngu þeirra með leiksýningum sem tala til þeirra.
- 5 Aukin leikhúsfræðsla**
Við viljum auka leikhúsfræðslu barna og ungs fólks og styðja við áhugaleikhússtarf.
- 6 Bætt aðgengi**
Við viljum bæta aðgengi að leikhúsinu, ná til innflytjenda og vinna að textun valinna sýninga.

2

- 1 Brýnt erindi**
Við viljum velja verk sem eiga ríkt erindi við samtímann og sífellt fjölbreyttara samfélag.
- 2 Íslensk leikritun**
Við viljum efla íslenska leikritun og frumsköpun í samstarfi við höfunda og skapandi sviðslistafólk sem þróar ný verk.
- 3 Nýsköpun**
Við viljum velja til sýninga framúrskarandi ný erlend verk sem eiga erindi og sígild verk sem öðlast endurnýjað erindi með nýrri nálgun.
- 4 Ungt fólk**
Við viljum skapa kraftmiklar, vandaðar og skemmtilegar sýningar fyrir börn og ungt fólk sem glæða áhuga á leikhúsi.
- 5 Listræn fjölbreytni**
Við viljum halda við listrænum fjölbreytileika með samvinnu við ólíka aðila sem koma með nýja strauma, þar á meðal framúrskarandi erlent listafólk.
- 6 Fleiri raddir**
Við viljum opna hið listræna samtal með því að fá ólíkar raddir að borðinu við verkefnaval og listrænar ákvarðanir.

3

- 1 Öflug teymi**
Við viljum styrkja teymisvinnu þar sem við vinnum af ástríðu að sameiginlegu markmiði og að samskipti okkar séu heiðarleg og uppbyggileg.
- 2 Fagmennska í öndvegi**
Við viljum traustar forsendur, skýra ferla, ljósar boðleiðir og fagleg vinnubrögð.
- 3 Fjölbreyttur starfshópur**
Við viljum auka fjölbreytni í starfshópi leikhússins, að fólk komi úr ólíkum áttum, sé á ólíkum aldri og með fjölbreyttan bakgrunn.
- 4 Framþróun leikhússins**
Við viljum vinna að því að fá nauðsynlegan Svartan kassa, uppfæra húsnæði, tækniúnað og hæfni með starfsþróun til að auka aðgengi, öryggi og listræna möguleika.
- 5 Ábyrgur rekstur**
Við viljum aðlaga alla þætti starfsemi að umhverfisvænum og sjálfbærum, ábyrgum rekstri og verða kolefnis-hlutlaus árið 2030.
- 6 Frumkvæði allra**
Við viljum skapa leikhús þar sem starfsfólk hefur frumkvæði, metnað og lærir af mistökum.

Áherslur eiga sér stöð í meginmarkmiðum og eru hreyfiafl til góðra verka.